2003 nr. 43 24. mars
Lög um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn

Tóku gildi 1. júlí 2003. *Breytt með:* L. 23/2004 (tóku gildi 11. maí 2004). L. 46/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007 nema 6. gr. og ákvæði til bráðabirgða sem tóku gildi 16. júní 2006). L. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjtíð. 19. júní 2008). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 32/2013 (tóku gildi 1. júní 2013). L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið og skilgreiningar.

■ **1. gr.** *Gildissvið.*

□ Lög þessi taka til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

■ **2. gr.** *Skilgreiningar.*

□ Með *björgunarsveit* er átt við félag sem á grundvelli sjálfboðaliðastarfs tekur þátt í björgun, leit og gæslu að beiðni stjórnvalda.

□ Með *björgunarsveitarmanni* er átt við skráðan einstakling í björgunarsveit sem tekur þátt í björgun, björgunaræfingum, leit og gæslu.

□ Með *stjórnvöldum* er átt við öll stjórnvöld sem lögum samkvæmt fara með yfirstjórn björgunar- og leitarmála á hverjum tíma. Þau stjórnvöld sem nú eiga hlut að björgunarmálum eru [ráðuneytið],[1] [almannavarna- og öryggismálaráð],[2] almannavarnanefndir, [Samgöngustofa],[3] [rannsóknarnefnd samgönguslysa],[4] Landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri, [lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum],[5] sýslumenn sem lögreglustjórar og slökkviliðsstjórar.

□ Með *björgun* er átt við björgun manna eða verðmæta frá yfirvofandi hættu eða tjóni.

□ Með *leit* er átt við leit að mönnum eða verðmætum.

□ Með *gæslu* er átt við aðstoð við að gæta manna og verðmæta á svæðum sem lokað hefur verið vegna hættuástands.

[1] *L. 126/2011, 364. gr.* [2] *L. 82/2008, 35. gr.* [3] *L. 59/2013, 23. gr.* [4] *L. 32/2013, 5. gr.* [5] *L. 46/2006, 10. gr.*

II. kafli. Hlutverk, réttindi, skyldur og tryggingar björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.

■ **3. gr.** *Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.*

□ Hlutverk björgunarsveita og björgunarsveitarmanna er að starfa í þágu almannaheilla með þátttöku við björgun, leit og gæslu á ábyrgð stjórnvalda og í samvinnu við þau.

□ Stjórnvöld skulu í samráði við heildarsamtök björgunarsveita gera samkomulag um samskipti og samstarf björgunaraðila þar sem er kveðið á um skipulag björgunarmála, upplýsingaskyldu, útköll og boðskipti.

■ **4. gr.** *Skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna.*

□ Björgunarsveitum er skylt að hefja björgun, leit og gæslu ef stjórnvöld óska þess.

□ Björgunarsveitarmönnum er skylt að gæta þagmælsku um mál sem þeir fá vitneskju um við störf samkvæmt lögum þessum og leynt skulu fara samkvæmt fyrirmælum stjórnvalda og eðli máls.

■ **5. gr.** [*Vátryggingar.*

□ Björgunarsveitum er skylt að tryggja björgunarsveitarmenn vegna slysa er þeir kunna að verða fyrir í störfum sínum á vegum björgunarsveita.

□ Björgunarsveitum er skylt að kaupa eignatryggingu fyrir tjóni á persónulegum munum björgunarsveitarmanna sem verða kann í störfum þeirra á vegum björgunarsveita.

□ Björgunarsveitum er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir tjóni sem björgunarsveitarmenn kunna að valda þriðja aðila í störfum sínum á vegum björgunarsveita. Um skaðabótaábyrgð björgunarsveita fer að almennum reglum skaðabótaréttar.

□ [Ráðherra][1] setur í reglugerð[2] nánari reglur um vátryggingarskylduna, þar með talið gildissvið vátrygginga þessara og vátryggingarfjárhæðir.][3]

[1] *L. 126/2011, 364. gr.* [2] *Rg. 21/2005.* [3] *L. 23/2004, 1. gr.*

III. kafli. Gildistaka.

■ **6. gr.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

ELDRI ÚTGÁFA